



55. fundur stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra

Fundur haldinn rafrænt á Teams miðvikudaginn 4. október 2023 og hófst fundurinn kl. 13:00.

Fundinn sátu: Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður, Helena Eydís Ingólfssdóttir, Hilda Jana Gísladóttir, Hermann Ingi Gunnarsson, Þórunn Sif Harðardóttir, Axel Grettisson, Þröstur Friðfinnsson, Ragnheiður Jóna Ingimarsdóttir, Guðjón M. Ólafsson, Katrín Sif Ingvarsdóttir, Sigurður Þór Guðmundsson og Albertína Friðbjörg Elíasdóttir framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

1. [Haustþing SSNE](#)

Rætt um undirbúning haustþings SSNE sem haldið verður 6. október næstkomandi. *Framkvæmdastjóra er falið að halda áfram undirbúningi í samræmi við umræður á fundinum.*

2. [Starfsáætlun 2024](#)

Lögð fram að drög að starfsáætlun SSNE fyrir árið 2024. Elva Gunnlaugsdóttir, verkefnastjóri SSNE mætti til fundarins til að fylgja henni eftir ásamt framkvæmdastjóra.

Stjórn þakkar kynninguna og samþykkir að staðfundur stjórnar í desember verði jafnframt skipulags- og stefnumótunarfundur ásamt starfsmönnum SSNE í tengslum við gerð nýrrar Sóknaráætlunar Norðurlands eystra sem þarf að vinna á næsta ári.

3. [Áhersluverkefni Sóknaráætlunar](#)

Farið var yfir stöðu [áhersluverkefna Sóknaráætlunar 2023](#) og rætt um verkefni framundan.

Stjórn þakkar kynninguna.

4. [Skipan úthlutunarnefndar og fagráða](#)

Lagt fram minnisblað frá Díönu Jóhannsdóttur, verkefnisstjóra SSNE sem mætti einnig til fundarins undir þessum lið til að fylgja því eftir.

Stjórn þakkar kynninguna og felur framkvæmdastjóra vinna áfram að málinu.

5. [Uppbyggingarsjóður 2024](#)

Rætt um skiptingu fjármuna milli Uppbyggingarsjóðs og áhersluverkefna Sóknaráætlunar Norðurlands eystra árið 2024.

Stjórn samþykkir að miðað verði við að 73,6 m.kr. verði til úthlutunar í úthlutun Uppbyggingarsjóðs Sóknaráætlunar Norðurlands eystra fyrir 2024.

6. Mál til umsagnar

- a. [Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – 181. mál, frumvarp til laga um pósthjónustu \(úrbætur á póstmarkaði\).](#)
Stjórn felur framkvæmdastjóra að klára og senda inn umsögn í samræmi við umræður á fundinum.
- b. [Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – 1. mál, frumvarp til laga um fjárlög 2024.](#)
Stjórn felur framkvæmdastjóra að klára og senda inn umsögn í samræmi við umræður á fundinum.
- c. [Erindi frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu vegna skólajónustusvæða.](#)
Stjórn felur framkvæmdastjóra að boða fund með fulltrúum sveitarfélaganna innan SSNE til að ræða málið.
- d. [Drög að hvítbók um skipulagsmál og umhverfismatskýrsla á Samráðsgátt.](#)
Stjórn felur framkvæmdastjóra að senda minnisblað út til sveitarfélaganna, auk þess að senda inn umsögn á Samráðsgáttina í samræmi við það sem fram kemur í minnisblaðinu.

7. Mál til kynningar

- a. [Fundargerð 932. fundar stjórnar Sambandsins.](#)
- b. [Fundargerð 90. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál.](#)
- c. [Skýrsla um aðdráttarfl sveitarfélaga frá SSV.](#)
- d. Fjárhagsáætlun HNE 2024
- e. Fundargerð [231.](#) funda Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra.
- f. [Fundargerð stjórnar Markaðsstofu Norðurlands frá 31. ágúst 2023.](#)

8. Önnur mál

- a. Munnleg skýrsla framkvæmdastjóra.
Framkvæmdastjóri fór yfir það sem hefur verið efst á döfinni í starfsemi SSNE frá síðasta stjórnarfundum.

Fundið slitið kl. 15:15.